

52. fundur stjórnar Skálholts,
haldinn á Biskupsstofu mánudaginn 22. febrúar 2010 kl. 13:00.

Mætt voru: Jóhann E. Björnsson, Kristján Björnsson, Kristinn Ólason og Hólmfríður Ingólfssdóttir.

Þessi fundur var haldinn með fjármálanefnd kirkjunnar en þar sitja Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Halldór Gunnarsson, Einar Karl Haraldsson og Jóhann Björnsson. Einnig sat fundinn Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri Kirkjuráðs

Á dagskrá fundarins var rekstraráætlun Skálholtsstaðar fyrir árið 2010, sem stjórn Skálholts hefur samþykkt.

Farið var yfir áætlunina og spurningum svarað um einstaka liði hennar.

Fjárhagsáætlunin verður lögð fyrir næsta kirkjuráðsfund.

Þá var rætt um stöðu framkvæmda við nýtt aðstöðuhús í Skálholti, sem reist er til bráðabirgða fyrir sögusýningu og móttöku ferðamanna.

Ákveðið að stjórn Skálholts, ásamt framkvæmdastjóra, mæti á fund fasteignanefndar, sem fyrirhugaður er 4. mars n.k. og þar verði gerð grein fyrir stöðu framkvæmda.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl.15:30

Hólmfríður Ingólfssdóttir